

Fundargerð

107. stjórnarfundur FHA haldinn 10. september 2019 kl. 12:00

Boðaðir voru stjórnarmenn og varastjórn. Fundinn sátu: Guðmundur Kristján Óskarsson, Hjördís Sigursteinsdóttir, Helgi Freyr Hafþórsson, Sigríður Sía Jónsdóttir og Stefán Guðnason.

Dagskrá: Fundur hjá stjórn FHA settur klukkan 12:00, 10. september 2018.

Dagskrá fundar er eftirfarandi.

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Heimasíða FHA
3. Opinn fundur samkvæmt aðalfundi
4. Framtíð félagsins
5. Önnur mál

Fyrsta mál tekið fyrir. Fundargerð síðasta fundar. Hana vantaði þannig að þessu máli var frestað.

Liður tvö. Hjördís vakti athygli á heimasíðunni, það þarf að vinna hana að einhverju leiti upp á nýtt.

Ákveðið að fara í þá vinnu föstudaginn 14. September frá klukkan 10-12.

Þriðji liður; umræða um opna fundinn. Rætt um hvort að taka eigi fyrir veikindarétt akademískra starfsmanna.

Fjórdi liður: Framtíð félagsins. Viljum við breyta skipulagi félagsins að einhverju leiti? Umræður um hvort að FHA ætti að fara inn í stærra aðildarfélag.

Í raun ekki hægt að taka neina ákvörðun fyrir því fyrr en í vor þegar kjarasamningar eru lausir. Ákveðið að bjóða stjórn FH (félag Háskólakennara) norður og skoða hvaða kostir eru í stöðunni. Hvort það sé grundvöllur fyrir því að leggja það fyrir félagsmenn FHA að ganga inn í FH.

Önnur mál: Almenn umræða um fámenn námskeið.

Sigríður Sía spyr varðandi matarpeninga, hver staðan sé á niðurgreiðslunni. Ósk um að fá útreikning á hvort það komi ekki betur út að máltíð sé niðurgreidd í stað þess að fæðispeningar leggist ofan á launin.

Fundi slitið klukkan 13:12

Stefán Guðnason